FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

26/08/2024

# Matslisti - Fagbréf

## Tímabundin burðarvirki

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá viðmiðum starfsins.

Listinn er sjálfsmatslisti og  notaður til stuðnings í matssamtali.

UNNIÐ AF FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Í SAMRÆMI VIÐ HÆFNIGREININGU OG STARFAPRÓFÍL NR. 99-23-04-004, ÚTGÁFA 1, 2024

| | |
|---|---|
| Nafn | |
| Kennitala | |
| Starf | |

## Kjarni starfs

Tilgangur starfsins er að setja upp tímabundin burðarvirki fyrir viðburði inni eða úti samkvæmt ósk viðskiptavina. Starfið er áhættusamt þar sem vinnan fer oft að hluta til fram í mikilli hæð ýmist í vinnulyftu eða krefst klifurs í burðarvirki. Fyrir uppsetningu gerir teymi (hönnuður, verkefnastjóri, rigger) mat sem lýsir áhættu hvers verkefnis ásamt teikningum/útfærslum að burðarvirkinu. Rétt samsetning burðarvirkis er mikilvæg og að allur búnaður sé í fullnægjandi ástandi. Öll sem vinna við uppsetningu burðarvirkis vinni samkvæmt gildandi öryggisreglum og hafi þekkingu og reynslu af notkun viðeigandi öryggisbúnaðar.

Til að tryggja gæði og fagmennsku við uppsetningu burðarvirkja er samvinna milli verkkaupa, verkstjóra verksins og annarra sem að verkinu koma mikilvæg. Vinnutími er óreglulegur og mikið álag og ábyrgð fylgir starfinu. Ýmist er unnið sjálfstætt eða undir leiðsögn, fer eftir umfangi verks.

**Annað**: Starfsfólk við tímabundin burðarvirki þarf að þekkja til evrópsku staðlanna, EN 17206 (European standards on the functional safety standard for the entertainment industry) og LOLER (Lifting Operations and Lifting Equipment Regulations 1998) a.m.k. er varðar starfið.

## Viðfangsefni starfsins

| Undirbúningur / frágangur | Framkvæmd | Öryggi / ábyrgð |
|---|---|---|
| • Gera gátlista yfir tæki og annan búnað fyrir verkefni<br>• Taka saman og yfirfara búnað samkvæmt gátlista<br>• Reikna út þyngdardreifingu<br>• Útfærslur á hugmyndum til að hengja upp í burðarvirki<br>• Taka burðarvirki niður eftir notkun<br>• Ganga frá viðeigandi búnaði eftir verk | • Nota vinnulyftur<br>• Útbúa upphengipunkta<br>• Öryggismerkingar<br>• Hengja upp og setja saman burðargrind<br>• Setja upp víravindustand<br>• Staðsetja upphengipunkta og burðargrind í samræmi við teikningar/hönnun<br>• Uppsetning rafmagn- og stýrikapla í burðarvirki<br>• Setja upp og tengja keðjumótora/talíur<br>• Setja upp og taka niður sviðsvagna | • Fylgjast með veðri/veðurspá þegar við á<br>• Fara yfir upphengi búnað – m.t.t. ástands<br>• Tryggja öryggi á verkstað<br>• Klifur í loftabitum<br>• Notkun fallvarnarbúnaðar<br>• Vinna í vinnulyftu í fallbelti<br>• Tryggja eigið öryggi og annarra<br>• Þekkja viðbragðsáætlanir<br>• Geta beitt skyndihjálp |

Starfið er á þrepi 3, samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun, þó einstaka hæfniþættir séu á öðrum þrepum.

## Leiðbeiningar fyrir þátttakanda:

Nú er komið að sjálfsmati út frá hæfnikröfum starfsins. Gott er að horfa til fyrri reynslu, færni úr námi, starfi og einkalífi.

Að loknu sjálfsmati fer matsaðili yfir sjálfsmatslistann og fer fram samtal þar sem mat á færni á sér stað.

Niðurstöður samtalsins geta verið að:

*1. Öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð og færnin er staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.*
*2. Ekki öllum hæfniviðmiðum starfsins náð og fer þá fram starfsþjálfun til að uppfylla þau. Að því loknu er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.*



## Matsviðmið

| Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum og einum hæfniþætti.<br>Leitaðu til fagaðila ef eitthvað er óskýrt. |
|---|
| **1** - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti. |
| **2** - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni. |
| **3** - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð. |
| **4** - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu. |

| **Matslisti – tímabundin burðarvirki** | | | | | **Útfyllist af matsaðila** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Undirbúningur / frágangur** | Lítil 1 | Nokkur 2 | Góð 3 | Mikil 4 | Lokið | Þarfnast þjálfunar |
| Ég þekki og hef skilning á: | | | | | | |
| – mælingum og útreikningum tengdum verkefninu | | | | | | |
| – greinarmun milli merkja á teikningum | | | | | | |
| – samvinnu og teymisvinnu milli verkefnisstjóra, verkkaupa og rigger | | | | | | |
| – búnaði og notkunarmöguleikum hans | | | | | | |
| Ég get: | | | | | | |
| – gert og yfirfarið gátlista samkvæmt áætlun | | | | | | |
| – reiknað út þyngdardreifingu og annað tölulegt | | | | | | |
| – útfært hugmyndir til að hengja upp í burðarvirki | | | | | | |
| – tekið burðarvirki niður og gengið frá búnaði eftir verk | | | | | | |
| – rýnt í teikningar og fyrirmæli | | | | | | |

| Matslisti – tímabundin burðarvirki | | | | | Útfyllist af matsaðila | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Framkvæmd** | Lítil 1 | Nokkur 2 | Góð 3 | Mikil 4 | Lokið | Þarfnast þjálfunar |
| Ég þekki og hef skilning á: | | | | | | |
| – heildarverkinu og hvernig best er að skipuleggja og framkvæma það | | | | | | |
| – almennum og sértækum verkfærum og notkun þeirra | | | | | | |
| – gæðum og eiginleikum búnaðar | | | | | | |
| – búnaði sem notaður er til að fljúga fólki og hvaða öryggisráðstafanir gilda | | | | | | |
| – hvað hver stroffa þolir og hvernig hún virkar | | | | | | |
| – lausnarmiðuðum vinnubrögðum og fjölmenningarfærni | | | | | | |
| – ákvörðunartöku við krefjandi aðstæður | | | | | | |
| – vinnu undir álagi og síbreytilegu starfi | | | | | | |
| – frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum | | | | | | |
| – vottunum og leyfum fyrir notkun ákveðinna vinnuvéla | | | | | | |
| – eigin þolmörkum og getu | | | | | | |
| Ég get: | | | | | | |
| – notað vinnulyftur | | | | | | |
| – unnið í mikilli hæð | | | | | | |
| – hengt upp og sett saman burðargrind | | | | | | |
| – staðsett upphengipunkta og burðargrind samkvæmt teikningum og hönnun | | | | | | |
| – notað sértækan búnað, eins og trussu, til að hámarka öryggi | | | | | | |
| – sett upp, tengt og viðhaldið rafmagns- og stýrikerfum í burðarvirkjum | | | | | | |
| – notað sérhæfð tæki eins og keðjumótora og sviðsvagna | | | | | | |
| – skilgreint og útfært lausnir sem mæta öryggiskröfum og þörfum verkefnisins | | | | | | |
| – aðlagað mig að breytilegum aðstæðum og lagfært skekkjur við uppsetningu | | | | | | |
| – unnið undir álagi og viðhaldið skilvirkni undir pressu | | | | | | |
| – tekið afstöðu og metið bestu ákvarðanir við flóknar aðstæður | | | | | | |
| – beitt fjölmenningarfærni í samskiptum og samvinnu við mismunandi hópa | | | | | | |

| Matslisti – tímabundin burðarvirki | | | | | Útfyllist af matsaðila | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Öryggi / ábyrgð** | Lítil 1 | Nokkur 2 | Góð 3 | Mikil 4 | Lokið | Þarfnast þjálfunar |
| Ég þekki og hef skilning á: | | | | | | |
| – mikilvægi þess að fylgjast með veðri og veðurspám þegar við á | | | | | | |
| – viðbragðsáætlunum og gerð þeirra | | | | | | |
| – áhættumati og áhættugreiningum til að stuðla að öruggu vinnuumhverfi | | | | | | |
| – notkun öryggisbúnaðar, þar á meðal fallbúnaðar, til að tryggja öryggi á vinnusvæði | | | | | | |
| – öryggismerkingum og viðeigandi öryggisviðvörunum í vinnuumhverfi | | | | | | |
| – notkun fallbúnaðar og öryggisviðvörunum til að vernda bæði mannskap og búnað. | | | | | | |
| – mikilvægi stöðugs náms og þjálfunar í öryggismálum og stöðugleika burðarvirkja | | | | | | |
| Ég get: | | | | | | |
| – tryggt öryggi við klifur í loftabitum | | | | | | |
| – gert áhættumat fyrir verkefni | | | | | | |
| – tryggt öryggi við uppsetningu tímabundinna burðarvirkja | | | | | | |
| – útbúið og framkvæmt viðbragðsáætlun | | | | | | |
| – veitt skyndihjálp | | | | | | |
| – unnið eftir reglum vinnuverndar | | | | | | |
| – framkvæmt áhættugreiningar og áhættumat | | | | | | |
| – notað öryggis- og fallbúnað til að tryggja öryggi á vinnustað | | | | | | |
| – viðhaldið og gætt öryggismerkinga á burðarvirkjum til að koma í veg fyrir slys á mannskap og skemmdir á búnaði | | | | | | |

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni, að skráðar upplýsingar séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir möppuna, veita endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

| | | |
|---|---|---|
| Staður: | Dagsetning: | Undirskrift þátttakanda: |
| Staður: | Dagsetning: | Undirskrift umsagnaraðila: |
| Staður: | Dagsetning: | Undirskrift umsagnaraðila: |